

4. fundur skólanefndar vegna Undralands árið 2016, haldinn 25. ágúst 2016 í leikskólanum kl. 15:00. 12. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.

Mætt til fundar: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Vigdís Furuseð, Jón Bjarnason boðaði forföll og einnig varamaður hans Elsa Ingjalddóttir, Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri, Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi foreldraráðs.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla skólastjóra**
- 2. Framkvæmd umbótaáætlunar**
- 3. Rekstur Undralands**
- 4. Starfsmannamál**
- 5. Fundartími skólanefndar**
- 6. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna

Gengið var til dagskrár

1. Skýrsla leikskólastjóra

- ❖ Fimm börn voru útskrifuð af leikskólanum í vor og eru nú að hefja skólagöngu í grunnskólanum. Umsóknir yngri barna eru nokkrar og nú þegar hafa þrjú börn fengið pláss og er aðlögun þeirra lokið. Fleiri börn bætast í hópinn í haust og í nóvember geri ég ráð fyrir að á Móakoti verði 11 börn. Á Heiðarkoti eru 11 börn og á Skógarkoti 15 börn.
- ❖ Í júní var samráðsfundur deildarstjóra, á vegum Skólaþjónustunnar, og sátu þær Freyja og Þórdís þann fund sem var upplýsandi og gagnlegur. Mikilvægt er fyrir deildarstjóra að geta hist og rætt málin.
- ❖ Fjórir starfsmenn frá mér tóku þátt í skyndihjálparnámskeiði sem haldið var í Flúðaskóla í vor og áhugi er fyrir námskeiði fyrir allt starfsfólk og er það í skoðun.
- ❖ Í vor, var samkvæmt venju, gengið á Miðfell og síðan grillað í Kvenfélagsskóginum. En júní leið við leik og störf og kom það starfsfólki nokkuð á óvart hversu mörg börn voru í vistun út júní.

- ❖ Nokkrar breytingar urðu á starfsmönnum en vel gekk að manna stöður sem losnuðu. Einn starfsmaður hefur sagt starfi sínu lausu og þarf að auglýsa hennar stöðu. Heiða er í ársleyfi.
- ❖ Um miðjan júní var sameiginlegur fundur leik-og grunnskólastjóra á Selfossi og sat ég hann. Þessir fundir eru góðir og gagnlegir og gott að vita hvert hægt er að leita eftir upplýsingum og fá aðstoð.
- ❖ Síðastliðinn vetur var keypt hús sem sett var upp á Heiðarkoti, þetta hús er nú komið í geymslu þar sem það tók alltof mikið pláss og nýttist ekki sem skyldi. Byrjað er að undirbúa aðstöðu fyrir sérkennslustjóra og er mikilvægt að það verði klárað sem fyrst.
- ❖ Í vor var farið yfir starfsmannahandbók og ný prentuð út, einnig var farið yfir handbækur deildarstjóra og eldhússtarfsmanns, en þessar handbækur þarf að endurnýja reglulega.

2. Framkvæmd umbótaáætlunar

Leikskólastjóri kynnti samantekt sína á framkvæmd þeirra umbóta sem áætlaðar voru í umbótaáætlun sveitarfélagsins og skólans á skólaárinu 2015-2016. Samantektin mun vera send til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir 1. september næstkomandi.

3. Rekstur Undralands

Farið var yfir helstu tölur í rekstri skólans það sem af er ári.

4. Starfsmannamál

Farið var yfir mönnun í haust en einn starfsmaður hættir störfum 1. september. Ekki verður ráðið í stöðuna að sinni en ráða þarf starfsmann í afleysingu í október.

5. Fundartími skólanefndar

Ákveðið var að fundartímar skólanefndar vegna Undralands verði að jafnaði seinasta fimmtudag í mánuði kl 15:00.

6. Önnur mál

a) Vistun 12 mánaða barna, umsóknir um undanþágur. Leikskólastjóri lagði fram 3 umsóknir um undanþágu sbr. 6 gr. vistunarreglna leikskólans. Skólanefnd samþykkir umsóknirnar.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:40